




EVROPA

Kennsluleiðbeiningar



Efnisyfirlit

Til kennara	3
Um landafræðikennslu	3
Markmið kennslu- og vinnubókar	3
Uppbygging kennsluefnis	4
Kennsluleiðbeiningar	6
Sjálfstæð skapandi verkefni	6
Samþætting við aðrar námsgreinar	9
Krækjusaftn	12
Undirbúningur	13
Landakort	13
Að þekkja áttirnar	14
Evrópa – almenni hlutinn	15
Landslag	15
Loftslag og gróður	16
Búseta og maður og náttúra	16
Atvinnuhættir	17
Auðlindir og orka	17
Hugað að umhverfinu	18
Samgöngur	19
Margar ólíkar þjóðir	19
Matur og matarmenning	19
Evrópa – sérstök landsvæði	20
Norðurlönd	20
Vestur-Evrópa	21
Heimsstyrjaldirnar	21
Austur-Evrópa	23
Suður-Evrópa	24
Samvinna í Evrópu	25
Hugmyndir að námsmati	26
Viðauki – upplýsingar	29



Til kennara

Um landafræðikennslu

Í aðalnámskrá grunnskóla segir m.a. að landafræði sé þverfagleg fræðigrein sem hafi almennt menntunargildi. Landafræðin fjallar um legu, útbreiðslu og tengsl ýmissa náttúru- og mannvistarþátta á yfirborði jarðar og breytingar þeirra í tíma og rúmi. Þá er hún í hlutverki lykils að tengingu milli manns og náttúru.

Markmið kennslu í landafræði er að auka vitund nemenda um umhverfi, samfélag og menningu. Leiðin að þessu marki er að þjálfa nemendur í að átta sig á tengslum fólks og umhverfis í gegnum ýmsa þætti eins og áhrif menningar, efnahag, stjórnmál og félagslega þætti. Þá þurfa nemendur að fást við ýmiss konar gögn og temja sér að setja niðurstöður sínar skilmerkilega fram.

Stefna skuli að því að landafræðin geti orðið nemendum tiltæk þegar leita þarf svara við brýnum spurningum hversdags og framtíðar með því að gefa þeim tækifæri á að greina og túlka landslag og annað umhverfi og átta sig á tengslum milli athafna manna og nátúrufars jarðar.

Markmið kennslu- og vinnubókar

Bókin *Evrópa* tekur mið af áfanga- og þrepamarkmiðum aðalnámskrár í samfélagsfræði frá 2007. Þar segir meðal annars:

Kort og myndir

Nemandi

- kynnist nokkrum gerðum þemakorta af Evrópu sem sýna dreifingarmynstur t.d. náttúrufars- og mannvistareinkenna
- þekki á Evrópukorti nöfn og legu ríkja í Evrópu auk stærstu áa, vatna, hafa og fjallgarða
- átti sig á að hæðarmun í landslagi má m.a. sýna með hæðarlínum eða landslagsskyggingu

Landafræði Evrópu

Nemandi

- þekki hvernig landslag álfunnar hefur myndast og mótast, t.d. áhrif plötuhreyfinga við myndun Alpafjalla og áhrif veðrunar og rofs
- læri að lýsa megindráttum í loftslagi og gróðurfari allt frá norðurheimskauti að Miðjarðarhafi og áhrifum vinda og hafstrauma þar á
- átti sig á margháttuðum menningarlegum og viðskiptalegum tengslum Íslendinga við aðrar Evrópuþjóðir, t.d. hvaða viðskiptabandalögum og sérsamningum við eigum aðild að
- þekki einstök menningarsvæði í Evrópu, t.d. Norðurlönd, Eystrasaltssvæðið og Norður-Evrópu
- afli sér upplýsinga um einstök lönd eða landsvæði eftir mismunandi leiðum, t.d. með bókum, dagblöðum, tölfræðigögnum, kortum, netinu eða viðtölum
- fjalli um hugtök eins og ríki, land, þjóð og landamæri
- átti sig á hvað hefur áhrif á legu og vöxt einstakra búsetusvæða
- kynnist hvað vaxandi búseta hefur í för með sér, t.d. hvað ört vaxandi úthverfi við stórborgir þýða fyrir samgöngur og minnkað land fyrir landbúnað og ræktun
- þekki hvernig atvinnugreinar skiptast í frumvinnslu-, úrvinnslu- og þjónustugreinar
- kynnist því hvers vegna mismunandi samgöngutæki henta hverju sinni, t.d. kostum og göllum vega, járnbrauta, sjó- og loftleiða eftir því hvað þarf að flytja hverju sinni
- skilji af hverju tiltekinni starfsemi er valinn staður þar sem hún er, t.d. af hverju stór iðnfyrirtæki eru staðsett í útjaðri borga en ekki í miðbæjum
- þekki helstu gerðir orkulinda sem nýttar eru, hvar þær er að finna og hvernig þær hafa myndast
- læri að gera greinarmun á því hvaða starfsemi krefst mikils landsvæðis og hvaða lítils landsvæðis, t.d. að akuryrkja, skógrækt og íbúðarsvæði þurfa mikið landrými en skrifstofur, verksmiðjur, spítalar og verslanir þurfa minna landrými
- átti sig á nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja á sviði umhverfismála þar sem t.d. mengun og loftslagsbreytingum verða ekki sett landfræðileg mörk

Uppbygging kennsluefnis

Nemendabók

Skipta má efni nemendabókar upp í nokkra hluta eftir efnistöku.

- Landakort og áttir: Fjallað um tilgang landakorta, notkunargildi loftmynda og nauðsyn þess að þekkja áttirnar.
- Náttúra: Rætt um náttúruferir í Evrópu í viðum skilningi, s.s. landslag, loftslag og gróður.
- Atvinnuhættir: Landbúnaður, sjávarútvegur, þjónusta og iðnaður.
- Auðlindir, orka, umhverfismál og samgöngur: Fjallað er um auðlindir í Evrópu, ólíka orku-gjafa og orkunotkun. Mikilvægi þess að ganga vel um umhverfið og helstu samgöngukerfi.
- Ólíkar þjóðir: Umfjöllunarefni eru ólík tungumál, trúarbrögð og stjórnarfar.
- Landsvæði: Evrópu skipt upp í Norðurlönd, Vestur-Evrópu, Austur-Evrópu og Suður-Evrópu. Fjallað er um hvern og einn hluta Evrópu fyrir sig. Þar hafa jafnframt verið valin lönd og fjallað ítarlegar um þau.
- Samvinna: Ýmsum sértækum hagsmunasamtökum eru gerð skil og fer ESB þar fremst í flokki.



Í nemendabókinni er að finna margar rammagreinir sem líta má á sem eins konar auka- og ítarefni. Þar má nefna sagnfræði, sem nauðsynleg getur verið til að skilja landafræðina betur, og einnig ítarlegri umfjöllun úr einstökum köflum bókarinnar. Kennurum er í sjálfsvald sett hvernig þeir nota rammagreinarnar.

Vinnublöð

Á námsvef með bókinni *Evrópa* verður hægt að nálgast verkefnablöð sem unnin eru út frá efni bókarinnar. Þar geta kennarar valið einstök verkefnablöð eða hannað sína eigin vinnubók. Einnig verður hægt að panta prentaða vinnubók um Evrópu þar sem öll verkefnablöðin hafa verið gefin út í einnota verkefnabók.

Kennarar geta þannig valið að nota verkefnablöð samhliða lestri og umræðum um efni kaflans. Þó er gert ráð fyrir að hver og einn kennari velji þær kennsluaðferðir sem hann vill nota við að koma efninu til skila enda eru kennsluleiðbeiningarnar fyrst og fremst safn hugmynda. Kennarar geta valið úr efni eftir því sem við á fyrir bekkinn eða einstaka nemendur. Með því er unnt að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Kortaverkefni

Í upphafi er um nokkur kortaverkefni að ræða, til þess ætluð að nemendur fái góða staðfræðisþekkingu á Evrópu og einstökum hlutum hennar sem er nauðsynlegt áður en eiginleg kennsla um álfuna og ólík málefni hennar hefst. Í tengslum við kortaverkefnið er nauðsynlegt að vinna verkefni um áttir. Æfa nemendur í að vísa í áttir þegar þeir lýsa landslagi og stöðum. Spurningavinna gengur í gegnum alla vinnubókina og inn á milli er að finna fjölbreytt verkefni sem höfða til nemenda með ólíka námsgetu og þarfir. Kennari getur valið um að láta nemendur svara spurningum hver fyrir sig eða fleiri saman eða látið þá skipta með sér verkum. Spurninga- og verkefnavinnan getur bæði verið heima- og/eða tímavinna nemenda. Mjög gott er að láta nemendur vinna upp úr fleiri heimildum en námsbókinni, sem þá leiðir til dýpri skilnings á viðfangsefninu.

Hópverkefni

Þegar hópverkefni eru unnin er nauðsynlegt að kennari setji nemendum skýrar reglur svo þeir viti nákvæmlega til hvers er ætlast af þeim. Ágætt er að láta hópana fá gátlista sem þeir þurfa að vinna eftir. Gott er að hóparnir skipuleggi sig þannig að ábyrgð hvers nemanda sé ljós. Eftirtalda þætti er gott að hafa í huga þegar gátlisti er settur saman:

- hvaða heimildir nemendur geta kynnt sér
- hvaða spurningum þarf að svara
- hvernig nemendur eiga að skipta með sér verkum
- hvernig á að setja efnið fram
- hvernig á að kynna efnið



Kennsluleiðbeiningar

Kennsluleiðbeiningarnar skiptast í tvo hluta: Annars vegar er fjallað um markmið kennslunnar, leiðbeiningar um kennsluaðferðir og hugmyndir að námsmati. Þar er einnig að finna ýmis ráð sem kennarar geta útfært eftir sinni hentisemi. Hins vegar er fjallað um efniskafla nemendabók- ar, þeir útskýrðir frekar og kennurum gefnar hugmyndir um hvernig þeir geti nálgast efnið enn frekar. Kennsluleiðbeiningarnar er að finna á vef Námsgagnastofnunar ásamt verkefnablöðum og svörum við þeim. Efnið geta kennarar prentað út og nýtt að eigin vali. Einnig er hægt að panta vinnublöðin útprentuð í vinnubók hjá úthlutun Námsgagnastofnunar.

Kveikjur og innlögn

Áður en og á meðan á vinnu um Evrópu stendur er gott að hafa til taks muni er tengjast heims- álfunni og hafa sýnilega í kennslustofunni, eins og landakort, minjagrip, bækur, íþróttavarn- ing, mataruppskriftir, myndir af fólki og frá löndunum og annað þess háttar. Hægt er að biðja nemendur að safna þessum hlutum saman áður en kennslan hefst og leyfa þeim að koma með að heiman eitthvað af þessu eða öðru tengdu sem kveikt getur áhuga þeirra á viðfangsefninu. Einnig er gott að safna saman blaðagreinum um ólík málefni; íþróttir, stjórnmál, átök, menningu, ferðalög o.fl. Rammagreinarnar og myndirnar í bókinni má nota sem kveikjur að umræðum.

Til að hefja vinnu um Evrópu og námsbók um hana mætti leggja fyrir nemendur spurningar eins og koma fram í upptalningunni hér á eftir (upplagt getur verið að láta nemendur koma með blöð að heiman).

- Til hvaða Evrópulanda hefur þú komið?
- Hvað fannst þér skemmtilegast þar?
- Hvaða staður finnst þér fallegastur af þeim stöðum sem þú hefur komið til?
- Hvaða Evrópuland langar þig til að heimsækja? Hvers vegna?
- Hvernig getum við farið frá Íslandi til annarra Evrópulanda?
- Finndu einhverja nýlega frétt úr dagblaði þar sem fjallað er um eitthvað sem er að gerast í Evrópu.
- Hvað heldurðu að Evrópulöndin séu mörg?
- Nefndu þau Evrópulönd sem þú manst eftir.
- Hvað veistu um samstarf Evrópulanda?
- Teiknaðu mynd af Evrópu eins og þú heldur að hún líti út og merktu inn á þau lönd sem þú þekkir.

Sjálfstæð skapandi verkefni

Hér á eftir er bent á ýmis verkefni sem henta í hóp- og þemavinnu. Gott er að hafa til taks í kennslustofunni ýmsa bæklinga, t.d. frá ferðaskrifstofum, auglýsingar og annað efni tengt Evrópu, sem hægt er að blaða í og nota sem fyrirmyndir að einhverju leyti.

Ferðaskrifstofa/Bæklingur

Samvinnunám þar sem nemendum er skipt í hópa. Hver hópur útbýr fjölbreyttan pakka ferða- laga um Evrópu, til einstakra landa eða á milli landa. Sjá dæmi um þetta á bls. 79 í bókinni *Skapandi skólastarf* eftir Lilju Jónsdóttur. Nemendur þurfa að gera grein fyrir ákveðnum atrið- um sem gott er að gefa sér góðan tíma í að finna upplýsingar um: Ferðalag fram og til baka,



gisting, samgöngumáti, áhugaverðir staðir, afþreying, matur o.fl., e.t.v. verð á einstökum þáttum og heildarverð til að gefa hugmyndir um kostnaðarhliðina. Hafa með myndir, kort og annað sem finna má í bæklingum.

Ferðasögur

Nemendur rita ýmist sannar eða ímyndaðar ferðasögur sem þeir svo geta flutt fyrir bekkinn. Um að gera að krydda frásögnina eigin myndum sem hægt væri að varpa upp á vegg/tjald. Nemendur styðjist við veggkort og lýsi ferðalaginu þar um leið.

Heimildavinna/upplýsingatækni

Ýmis efnisöflun á Neti og bókasafni. Bókin er takmörkuð eins og gefur að skilja og því nauðsynlegt að afla meiri upplýsinga um vissa efnisþætti. Minna þarf nemendur á að velja heimildir af kostgæfni og að nauðsynlegt sé að skrá allar heimildir í heimildaskrá.

Kynningar/Sérfræðihópar

Samvinnunám þar sem nemendum hefur verið skipt í hópa og hver hópur fær afmarkað efni til að vinna, t.d. lönd, náttúruferðir, íþróttir, mat, þjóðir eða annað sem kennara dettur í hug að bjóða upp á. Nemendur þurfa að vinna texta í fyrirlestur, safna heimildum og setja upp PowerPoint-kynningu og vanda flutning á fyrirlestri. Hægt er að nota ýmiss konar mat til að meta vinnuna, s.s. sjálfsmat, jafningjamat, foreldramat og kennaramat.

Sjónvarpsfréttatími

Samvinnunám þar sem nemendum hefur verið skipt í hópa. Hver hópur býr til sjónvarpsfréttatíma frá hverju landi fyrir sig. Fréttirnar gætu tengst því sem efst er á baugi í hverju landi þegar nemendur vinna verkefnið; sögu, menningu, stjórnmálum eða landsháttum. Aðrir liðir í lok fréttatíma gætu svo verið íþróttafréttir, veðurfréttir, fréttir af frægu fólki o.s.frv.

Söguaðferðin

Nemendur vinna eftir söguaðferðinni <http://frontpage.simnet.is/storyline/soguaðferd1.htm> það efni sem hver kennari vill leggja áherslu á. Söguaðferðin byggist á mörgum kennsluáðferðum, t.d. umræðu og spurnaraðferð, virku leitarnámi, innlifunaraðferðum og skapandi viðfangsefnum. Skipulag verkefna sem unnin eru með söguaðferðinni þarf að vera skráð í ákveðinn ramma þannig að ljóst sé hvað unnið er með í hverri kennslustund. Í bókinni *Skapandi skólastarf* eftir Lilju Jónsdóttur má finna söguramma um Evrópu. Einnig hefur Björg Eiríksdóttir verið að selja söguramma um höfuðborgir í Evrópu. <http://frontpage.simnet.is/storyline/bjorg04.htm>

Vefur

Samvinnunám er ein aðferð sem hentugt er að nota í kennslu samfélagsfræðigreina. Þá er nemendum skipt í hópa þar sem hver hópur vinnur tiltekið verkefni, t.d. heimasíðu fyrir ákveðið land, og tekur fyrir fyrir fram ákveðna þætti. Mikilvægt er að hvetja nemendur til að setja inn myndir, kort og annað skemmtilegt sem kætir augað. Nemendur verða að huga vel að skipulagi og uppbyggingu og ramma inn verkefnið áður en lagt er af stað í vinnuna svo afraksturinn verði ekki ruglingslegur eða of umfangsmikill.



Veggspjald

Með aðferð samvinnunáms er einnig hægt að skipta nemendum í hópa þar sem hver hópur útbýr veggspjald af löndum/landi sem þeir velja sér eða fá úthlutað. Mikilvægt er að leggja línurnar fyrir það hvað á að koma fram á veggspjaldinu og gæti það t.d. verið að:

- teikna kort af landinu með hjálp myndvarpa (hafa útlínur lands og t.d. hæðarlínur, ár o.fl. á glæru)
- skrifa nafn landsins á veggspjaldið
- teikna fána landsins til hliðar
- lita láglendi grænt, millihæðir gular og hálendi brúnt
- merkja inn höfuðborg (undirstrikuð) og nokkrar stórar borgir
- merkja inn stærstu vötn og ár og hafa nöfnin með
- setja inn tákn fyrir helstu auðlindir landsins
- hafa skýringar til hliðar þar sem öll tákn á veggspjaldinu eru útskýrð

Veggspjöldunum má koma fyrir til sýnis á veggjum í bekkjarstofu eða á skólagöngum öðrum til fróðleiks í einhvern tíma. Í hópvinnu eins og þessari er nauðsynlegt að halda dagbók þar sem nemendur meta jafnóðum hvernig samvinnan gengur, t.d. vinnuframlag hvers og eins, vandvirkni, samvinna og lokaafurð svo dæmi séu tekin (jafningjamat).

Viðtöl og frásagnir

Samvinnunám þar sem nemendum er skipt í hópa. Hver hópur útbýr handrit/spurningalista sem hægt er að nota í viðtölum við Evrópubúa. Mikilvægt er að semja spurningalistann fyrir viðtalið. Upplagt er að viðtalið sé tekið upp og mætti spila það fyrir bekkinn og meta.

Upplýsingatækni

- PowerPoint-kynning – Nemendur fá eina til tvær opnur af handahófi úr bókinni og eiga að draga saman aðalatriðin á 2–3 glæsur (PowerPoint). Vinnan ásamt örkyrningu fyrir bekkinn á ekki að taka meira en 2–3 kennslustundir.
- Publisher – Búa til bækling (t.d. kynning á einhverju landi) eða auglýsingaplaköt (t.d. auglýsing á landi/svæði fyrir ferðaskrifstofu).
- Myndvinnsla – Stafrænar myndir.
- Stuttmyndir (movie maker – imovie – Photo Story – You tube) – Nemendur þurfa að búa til sitt eigið handrit sem getur verið t.d. sjónvarpsfréttatími, auglýsingar, ferðapáttur o.s.frv.
- Vefleiðangur – Sjá dæmi <http://www.ismennt.is/not/gylfig/anna.html>

Útvarpsþáttur

Samvinnunám er ein aðferð sem hentugt er að nota í kennslu samfélagsfræðigreina. Til dæmis væri hægt að mynda hópa sem gætu sett saman útvarpsþátt og sagt frá ferðalagi um Evrópu, tekið viðtal við fólk sem hefur ferðast til Evrópu eða við fólk frá löndum Evrópu. Þáttastjórnendur spyrja spurninga og fólkið svarar. Einnig gætu einhverjir sagt frá landinu sínu og þáttastjórnendur komið með spurningar í lokin. Útbúa þarf handrit fyrir spurningarnar.

Samþætting við aðrar námsgreinar

Verkefni um Evrópu má tengja við margar námsgreinar. Hér á eftir eru nokkur dæmi.

Myndmennt og smíði

Búa til stórt kort af Evrópu á MDF-plötu og mála hana með segulmálningu. Teikna kort af Evrópu (á plötuna) í myndmennt og mála það í réttum litum á plötuna. Nemendur saga svo út lítil spjöld með nöfnum á löndum, borgun, ám, fjöllum o.fl. Segull er límdu aftan á og spjöldin svo sett á réttan stað á kortið. Ýmsu má bæta við á kortið, s.s. samgönguleiðum, atvinnu-háttum, trúarbrögðum o.fl. Kortið er hengt upp á vegg og það er svo hægt að nota aftur og aftur í landafræðikennslu.

Heimilisfræði

Nemendur geta spreytt sig á að útbúa hina ýmsu þjóðarrétti. Í nemendabókinni er sagt frá vinsælum mat viðkomandi landa og því lítið mál að leita uppi uppskriftir á Netinu. Fyrir neðan eru dæmi um síður þar sem hægt er að nálgast uppskriftir frá löndum Evrópu. Á leitarsíðum má finna ýmislegt fleira.

- Íslensk kjötsúpa: http://uppskrift.belgur.net/index.php/Íslensk_kjötsúpa
- Norskar, danskar, sænskar og enskar uppskriftir af sjávarréttum: <http://www.sjavarutvegur.is/Fiskmarkaðir/kokkurinn.htm>
- Írskur (coddle) grænmetispottréttur: <http://homecooking.about.com/od/porkrecipes/r/blpork20.htm>
- Frönsk (bouillabaisse) fiskisúpa: <http://simplyrecipes.com/recipes/bouillabaisse/>
- Svartaskógsterta (schwarzwald torta) frá Þýskalandi: <http://www.cuisineeurope.com/cms/en/recipes-germany-cake-schwarzwald-en>
- Rauðrófusúpa (borsjtj) frá Austur-Evrópu: <http://pku.is/2007/04/09/russnesk-rauðrofusupa-borsjtj/>
- Kartöflupönnukaka (bramborak) frá Tékklandi: <http://www.tastebook.com/recipes/736730-Brambor-k-potato-pancake->
- Ungversk gúlassúpa: http://uppskrift.belgur.net/index.php/Ungversk_gúlassúpa
- Kartöflusalat (rasols) frá Lettlandi: <http://www.latvianstuff.com/Rasols.html>
- Hvítkálssúpa (caldo verde) frá Portúgal: <http://allrecipes.com//Recipe/caldo-verde-portuguese-green-soup/Detail.aspx>
- Grískur (moussaka) ofnréttur: <http://greekfood.about.com/od/eggplant/r/moussaka.htm>
- Rúlluterta (potica) frá Slóveníu: <http://allrecipes.com//Recipe/potica/Detail.aspx>
- Ýmsir réttir frá Albaníu: <http://www.albaniantranslators.com/recipes.html>



Íslenska

Nemendur lesi t.d. bókmenntir eftir evrópska höfunda og kynni fyrir öðrum nemendum eða bekknum. Þar sem allur texti sem unninn er í tengslum við hin ýmsu verkefni er á íslensku er jafnframt hægt að þjálfa nemendur í allri ritun, stafsetningu, málfræði og öðrum námsþáttum íslenskunnar. Þegar nemendur vinna verkefni, hver og einn eða í hópum, er sjálfsagt að þeir fái að kynna afraksturinn. Það þjálfar nemendur í framsögn og að koma orðum að vinnu sinni, auk þess sem nauðsynlegt er að allir fái kynningu á þeim löndum sem þeir sérhæfðu sig ekki í. Þar skapast líka vettvangur fyrir kennarann til að meta vinnu nemenda.

Það væri líka hægt að leyfa nemendum að ráða sjálfir hvernig þeir kynna vinnu sína. Einnhverjir ákveða t.d. að gera veggspjald, annar heimasíðu, enn annar bækling, PowerPoint-kynningu o.s.frv. Upplagt er að halda sýningu fyrir foreldra og bjóða til bekkjarskemmtunar í formi kynningar á löndum. Á sýningunni er tilvalið að vera með tónlist, mat frá viðkomandi löndum og annað, allt eftir því hvernig sýningin er sett upp.

Líffræði

Bera má saman gróður og dýralíf milli landa. Nemendur geta valið sér dýr frá tilteknu landi, leitað upplýsinga og kynnt fyrir bekknum.

Myndlist

Nemendur geta kynnt sér listasögu Evrópu eða einstakra landa, valið listamann frá einhverju landi og unnið verkefni tengd þeim. Einnig er hægt að velja mannvirki frá einhverju Evrópulandi og búa til líkan (pappír, pappamassi, leir) og sýna ásamt helstu upplýsingum um viðfangsefnið. Myndræn framsetning af ýmsu tagi gæti orðið skemmtileg.

Saga

Mjög mikið er til af sagnfræði um Evrópu og lönd hennar. Upplagt er að leita efnis á bókasöfnum. Á Netinu má líka finna mikið efni. Landafræði og saga eru samofin og ætti því ekki að vera erfitt að tvinna þessi tvö fög saman. Styðjast má við rammagreinarnar í bókinni.

Stærðfræði

Vinna með tölfræðiupplýsingar getur verið talsverð í landafræði. Svo nemendur átti sig betur á viðfangsefni getur verið gott að þeir búi til línurit og súlurit. Tölfræðiupplýsingar um öll lönd Evrópu er að finna aftast í kennsluleiðbeiningum. Í vinnubók er unnið með íbúafjölda/flatarmál lands).

Tónmennt

Tilvalið er að leyfa nemendum að hlusta á tónlist frá ólíkum svæðum Evrópu til að átta sig á fjölbreytileikanum. Tónelskir nemendur geta samið lag við það sem þeir vilja segja og flutt það fyrir bekkinn.



Upplýsingamennt

Hér felast miklir möguleikar í samþættingu. Nemendur geta unnið kynningar um ýmislegt er viðkemur Evrópu á tölvutækt form, eins og með gerð glærुकynninga í PowerPoint eða bæklinga/ferðabæklinga í Publisher svo eitthvað sé nefnt. Einnig geta nemendur unnið vefsíður og kynningarmyndbönd eftir því sem kunnátta þeirra og kennara leyfir. Áður en vinna hefst er nauðsynlegt að nemendur geri lista yfir þau atriði sem fjalla á um. Sem dæmi um upplýsingar sem nemendur gætu unnið með eru:

- kort af viðkomandi landi (litað og merkt inn á)
- mynd af fána
- stærð lands og íbúafjöldi
- loftslag og gróður
- einkennandi landslag
- atvinnuhættir og auðlindir
- nágrannalönd
- samgöngur og stærstu borgir
- tungumál og trúarbrögð
- stjórnarfar
- menning
- frægt fólk
- athyglisverðir staðir

Í ferðabækling má hugsa sér upplýsingar eins og:

- hvernig hægt er að komast til landsins
- gstimöguleikar
- samgöngur
- spennandi ferðamannastaðir
- afþreying fyrir fjölskylduna
- annað sem nemendum dettur í hug

Bæklinga frá ferðaskrifstofum má gjarnan nota sem fyrirmyndir og kveikju að hugmyndum.

Upplýsingar um tölfræði landa

Mikið af upplýsingum um öll lönd í Evrópu má finna aftast í kennsluleiðbeiningum. Á mörgum heimasíðum er að finna tölfræðiupplýsingar en gæta þarf að áreiðanleika þeirra. Vefsíður sem leita má á eru t.d. Google og Wikipedia, heimasíða Sameinuðu þjóðanna <http://un.org> og upplýsingasíða bandarísku leyniþjónustunnar, CIA, World factbook <http://worldfactbook.org>

Einnig er sjálfsagt og nauðsynlegt að þjálfar nemendur í að nota kortabækur og önnur uppflettitil að finna upplýsingar um t.d. loftslag, gróður, landslag, orku, auðlindir og margt fleira.



Krækjusafn

- Álftamýrarskóli. Verkefni til að kynna sér t.d. eitt Evrópuland.
<http://www.alftamyrarskoli.is/namsver/samfelagsfr/Landafr-vinnubl.doc>
- Áttavitinn: Fróðleikur um áttavitann eftir Vilhjálm Þór Kjartansson.
<http://www.scout.is/skatastarf/hugmyndir/kompas/index.html>
- Evrópa, kort og upplýsingar. <http://www.worldatlas.com/webimage/countrys/eu.htm>
- Evróvisjón: Heimasíða keppinnar. www.eurovision.tv
- Ferðaheimur, þar sem hægt er að nálgast almennar upplýsingar um Evrópu ásamt umfjöllun um einstök lönd álfunnar. <http://www.icelandonline.is/ferdaheimurisl/evropa.htm>
- Ferðalangur, heimasíða þar sem hægt er að nálgast upplýsingar fyrir þá sem vilja ferðast til Evrópu. <http://www.ferdalangur.net/>
- Google Earth, kortavefur. <http://earth.google.com>
- Grikkland til forna – enskur vefur.
http://www.bbc.co.uk/schools/primaryhistory/ancient_greeks/
- Klukkan víða um heim. <http://www.timezonecheck.com/>
- Kortavefur með slóð á kort af löndum Evrópu ásamt upplýsingum.
<http://www.worldatlas.com/webimage/countrys/europe/al.htm>
- Matvælastofnun SP. <http://www.fao.org/fishery/sofia/en>
- Myndband um Costa del sol. http://www.andalucia.com/costa_del_sol/home.htm
- Norðurlönd, síða frá Norðurlandaráði. <http://www.hallonorden.org/forside.aspx>
- Norðurlönd, skemmtileg gagnvirk verkefni og vefleiðangrar frá því 2003.
<http://home.gardabaer.is/elisabet/nordurlond/gagnvirk.htm>
- Orkusetur, þar er hægt að nálgast ýmsar upplýsingar og reiknivélar sem snerta orku og orkunotkun. www.orkusetur.is
- Orkustofnun, fróðleikur um orkugjafa og orkunotkun. Orkuveita Reykjavíkur, fróðleikur um orku og orkunotkun. <http://www.or.is>
- Rómarvefurinn er menningar- og söguvefur um allt sem tengist Ítalíu, landi og þjóð.
<http://romarvefurinn.is/>
- Sorpa, heimasíða þar sem hægt er að fræðast um endurvinnslu og umhverfismál.
www.sorpa.is
- Tónlist frá ýmsum löndum á vef frá Námsgagnastofnun sem kallast *Landafræði tónlistar*.
http://www.nams.is/landafr_tonlistar/index.html
- Upplýsingasíða bandarísku leyniþjónustunnar CIA þar sem hægt er að nálgast tölfraði allra Evrópulanda. <http://worldfactbook.org/>
- Vistvernd í verki, vefur um umhverfismál. <http://www.landvernd.is/vistvernd/default.asp>
- Vísindavefurinn þar sem hægt er að nálgast mikinn fróðleik um Evrópulönd.
<http://visindavefur.is>
- Worldatlas. <http://www.worldatlas.com/webimage/countrys/eu.htm>
- Sameinuðu þjóðirnar, ýmsar upplýsingar. <http://un.org>



Undirbúningur

Nemendur styðjast við *Kortabók handa grunnskólum* (2007)

Hugmyndir að umræðum

- Til hvaða Evrópulanda hefur þú komið?
- Hvað fannst þér skemmtilegast þar?
- Hvaða staður finnst þér fallegastur af þeim stöðum sem þú hefur komið til?
- Hvaða Evrópuland langar þig til að heimsækja? Hvers vegna?
- Hvernig getum við farið frá Íslandi til annarra Evrópulanda?
- Finndu nýlega frétt úr dagblaði þar sem fjallað er um eitthvað sem er að gerast í Evrópu.
- Hvað heldurðu að Evrópulöndin séu mörg?
- Nefndu þau Evrópulönd sem þú manst eftir.
- Hvað veistu um samstarf Evrópulanda?
- Teiknaðu mynd af Evrópu eins og þú heldur að hún líti út og merktu inn á þau lönd sem þú þekkir.
- Hverjar eru heimsálfurnar?
- Hvað heita löndin í Evrópu og hversu mörg eru þau?
- eru einhver smáriki – eða ósjálfstæð ríki?
- Skoðaðu í námsbókinni um Evrópu hvernig höfundur skiptir álfunni upp í nokkur svæði, það er Norðurlönd, Vestur-Evrópa, Austur-Evrópa, Suður-Evrópa.

Landakort

Nemendabók bls. 4–5

Í kaflanum er fjallað um:

- Landakort.
- Staðfræðikort og þemakort.
- Fjarkönnun.
- Hlutverk loftmynda (gervitunglamynda) við kortagerð.
- Höfuðáttirnar, norður, austur, suður, vestur.

Markmið

Nemandi

- kunni að lesa og túlka kort og loftmyndir
- átti sig á hvernig landakort setja hluti í samhengi
- geti notað kortabækur og kort til upplýsingaöflunar
- þekki mun á staðfræðikorti og þemakorti
- kunni skil á loftmyndum og staðfræðikortum
- átti sig á hvernig kort eru búin til á grunni upplýsinga af loftmyndum
- átti sig á hvað fjarkönnun er og hvernig hún er notuð í kortagerð
- þekki höfuðáttirnar fjórar og milliáttir og hvernig þær tengjast skiptingu hrings
- viti hver helstu tæki eru sem notuð eru til staðsetningar

Umræður

- hvaða kort þekkja nemendur, skoða mismunandi kort
- fletta í gegnum kortabækur og ræða uppbyggingu og efni þeirra
- fjarkönnun – hvað er það?
- skoða gervitunglamyndir
- fara vel yfir áttirnar

Að þekkja áttirnar

Mikilvægt er að nota áttirnar þegar umræður eiga sér stað um ýmis viðfangsefni t.d. á kortum. Venja er að láta norður (N) snúa beint upp á landakortum. Gott er að fara ítrekað yfir áttirnar í umhverfi skólans, hvaða átt er út um glugga skólstofunnar o.s.frv. Hér má finna síðu þar sem kennt er á áttavita; <http://www.scout.is/skatastarf/hugmyndir/kompas/index.html>

Höfuðáttir	Milliáttir	Skst.	Gráður
Norður		N	0° eða 360°
	Norðnorðaustur	NNA	22,5°
	Norðaustur	NA	45°
	Austnorðaustur	ANA	67,5°
Austur		A	90°
	Austsuðaustur	ASA	112°
	Suðaustur	SA	135°
	Suðsuðaustur	SSA	157,5°
Suður		S	180°
	Suðsuðvestur	SSV	202,5°
	Suðvestur	SV	225°
	Vestsuðvestur	VSV	247,5°
Vestur		V	270°
	Vestnorðvestur	VNV	292,5°
	Norðvestur	NV	315°
	Norðnorðvestur	NNV	337,5°



Evrópa – almenni hlutinn

Nemendabók bls. 6–27

Í kaflanum er fjallað um:

- Landslag; höf, eyjar, skaga, ár og vötn og fjallgarða.
- Golfstrauminn.
- Loftslag og gróður.
- Þéttbýli, strjálbýli og íbúapéttleika.
- Atvinnuhætti; landbúnað, sjávarútveg, iðnað og þjónustu.
- Auðlindir og orku.
- Umhverfismál.
- Gróðurhúsaáhrif.
- Samgöngur; vegakerfi, járnbrautir, skipa- og flugsamgöngur.
- Ólíkar þjóðir, tungumál og trúarbrögð.

Markmið

Nemandi

- þekki landslag í Evrópu og hvernig það hefur myndast og mótast
- geri sér grein fyrir mismunandi einkennum svæða, bæði í landslagi og búsetu
- þekki loftslags-, gróðurbelti og einkennandi gróður eftir svæðum í Evrópu og áhrifum vinda og hafstrauma þar á
- átti sig á þéttbýlum og strjálbýlum svæðum Evrópu
- átti sig á hvernig ýmsir náttúruþættir hafa áhrif á búsetumynstur og hvernig menn móta umhverfi sitt
- þekki helstu atvinnuhætti og hvað ræður staðarvali
- þekki helstu náttúruauðlindir og orkugjafa sem nýttir eru í Evrópu, hvar þessa þætti er að finna og hvernig þeir hafa myndast
- átti sig á mikilvægi náttúruverndar og samvinnu landa á sviði umhverfismála
- þekki helstu samgöngutæki og hvernig þau hafa mótað einstaka hluta Evrópu
- átti sig á ólíkum þjóðum, tungumálum og trúarbrögðum í Evrópu
- þjálfist í að sækja landfræðilegar upplýsingar um einstök lönd í ólík gagnasöfn; bækur, dagblöð, Netið, tölfræðigögn, kort eða með viðtölum

Landslag

Bls. 10–11

Umræður

- Hvernig hefur loftslag og gróður haft áhrif á búsetumynstur?
- Hvernig hafa auðlindir haft áhrif á búsetumynstur?
- Flekakenningin <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=749>
- Golfstraumurinn – hvaða áhrif hefur hann á lífið í Evrópu?
- Mont Blanc – umræður, ritgerð, myndaskoðun.

Loftslag og gróður

Bls. 10–11

Umræður

- Hvað hefur áhrif á loftslag og gróður?
- Hvernig breytist gróðurinn eftir því sem sunnar dregur?
- Hvaða breytingar eru að eiga sér stað í heiminum – flóð í Mið- og Suður-Evrópu?
- Hvaða munur er á meginlandsloftslagi, strandloftslagi og Miðjarðarhafsluftslagi?

Búseta og maður og náttúra

Bls. 12–13

Umræður

- Hvar búa flestir í Evrópu – skoða kort í bókinni á bls. 12.
- Hvernig má reikna út þéttbýlisstig landa?
- Í hvaða löndum eru fjölmennustu borgirnar?
- Hvað veldur því að Evrópa er mjög þéttbýl?
- Skoða kort á bls. 12 um mannfjöldaspá í Evrópu.


Ítarefni:

Útskýring yfir línuritið yfir mannfjölda á bls. 12 (spána)

Evrópa er ólík hinum heimsálfunum þegar mannfjöldaspár eru skoðaðar. Hún er eina heimsálfan þar sem spád er fólksfækkun. Ástæða fólksfækkunar í Evrópu er sú að fæðingartíðni hefur lækkað, þ.e. fjöldi fæddra barna á hverja konu. Lækkun fæðingartíðni er svo rakin til þátta eins og borgvæðingar, aðgengi að getnaðarvörnum, aukinnar menntunar, aukinnar atvinnuþátttöku kvenna; að fólk eignast börn seinna á ævinni en áður og því færri. Lönd sem skilgreind eru með lága fæðingartíðni eru þau lönd þar sem kona eignast 2,1 barn eða færri (2,1 viðheldur núverandi íbúafjölda, frjósemi á Íslandi er 2,0). Hvað fæðingartíðni snertir eru flestar mannfjöldaspár fyrir Evrópu með stuðulinn 1,5.

Þegar lýðfræði Evrópubúa er skoðuð má einnig sjá að ekki einungis fækkar íbúum álfunnar heldur eldast þeir líka þar sem lífslíkur eru almennt mjög háar og það, auk lágrar fæðingartíðni, veldur nýrri sýn í aldurspíramída Evrópu.

Skýringarmynd sem þessa má nota til að útskýra hugtökin og sýna myndrænt muninn á þéttbýli og dreifbýli (strjálbýli).



Atvinnuhættir

Bls. 13–18

Umræður

- Við hvað vinnur flest fólk í Evrópu?
- Hverjir eru helstu atvinnuvegirnar?
- Í hvaða þrjár greinar skiptist landbúnaður?
- Lífrænn landbúnaður – hvað er það? Kostir og gallar?
- Mengun og áburðarnotkun.
- Er til endalaust vatn? Hvernig er hægt að spara vatn?
- Hvaða munur er á atvinnuháttum iðnríkja og þróunarríkja?



Auðlindir og orka

Bls. 19–20

Umræður

- Hvaða orkugjafa þekkja nemendur?
- Kostir og gallar orkugjafa?
- Hvað er græn orka?
- Hvaða orkugjafar eru notaðir í nágrennalöndum okkar?
- Drekasvæðið, mikilvægi þess fyrir okkur. Hver verður staðan ef við finnum olíu?

Ítarefni:

Kostir og gallar orkugjafa

ORKUGJAFI	KOSTIR	ÓKOSTIR
VATNSAFL	Umhverfisvænn og ódýr orkugjafi	Mikil röskun á landi eins og með uppistöðulónum, háspennulínunum og öðrum mannvirkjum.
JARÐEFNAELDSNEYTI	Auðvelt að vinna þessi jarðefni. Þau koma fyrir í miklu magni á afmörkuðu svæði.	Bruni jarðefnaeldsneytis mengar andrúmsloftið og stuðlar að gróðurhúsaáhrifum.
LÍFEFNAELDSNEYTI	Stuðlar ekki að gróðurhúsaáhrifum. Á vaxtartíma tekur það til sín CO ² sem losnar svo aftur við bruna.	Getur tekið langan tíma fyrir skóg að vaxa.
VIND- OG SÓLARORKA	Umhverfisvænir orkugjafar. Notast við endurnýjanlegan orkugjafa sem mengar ekki.	Dýr tækni. Ljót í landslagi. Þeim fylgir hávaði.
KJARNORKA	Umhverfisvæn ef engin slys verða.	Umhverfisslys geta haft mjög alvarlegar afleiðingar.
VETNI	Mjög algengt frumefni sem býr yfir mikilli orku. Við vetnisbruna er útblástur hrein vatnsgufa.	Framleiðsla vetnis sem orkugjafa krefst mikillar orku sem yrði þá ekki umhverfisvænt þyrfti til þess orkugjafa á borð við kol eða olíu. Dýr tækni.
JARÐHITI	Endurnýjanlegur ódýr orkugjafi.	Losun gróðurhúsalofttegunda (brennisteinssambanda) frá jarðhita. Sjónmengun; miklar leiðslur og ljót mannvirki.

Hvaða orku notum við í umhverfinu, til hitunar, lýsingar, samgangna. Hvað með vörurnar okkar, eru þær fluttar langt að? Skoða þetta í víðu samhengi og hvernig við getum sparað orku.

Hugað að umhverfinu

Bls. 21–23

Umræður

- Hvernig er hægt að vernda náttúruauðlindir?
- Hvaða hættu steðjar að umhverfinu af manna völdum?
- Hvað er sjálfbær þróun? Að skila jörðinni af okkur í betra ástandi en við tókum við henni.
- Gróðurhúsaáhrif – hvaða áhrif hafa þau á loftslag í heiminum? Hvernig stendur á þeim flóðum sem alltaf eru að breyta á í heiminum?
- Endurvinnsla: Fá nemendur til að átta sig á hvað þeir geta lagt af mörkum til að vernda umhverfið. Setja upp verkefni þar sem notast er við einfaldar aðferðir. Sjálfsagt er að nýta sér þá stefnu sem sveitarfélagið hefur viðvíkjandi flokkun sorps, einkum þar sem sorp-flokkun er til staðar. Samhliða er hægt að fá nemendur til að skoða eigin hegðun og hvort þeir geti breytt einhverju til að leggja meira af mörkum og hvað þeir gera nú þegar sem er umhverfisvænt. Athugið að ýmislegt efni um umhverfisvernd og endurvinnslu má finna á vefjum Sorpu og Landverndar www.sorpa.is <http://www.landvernd.is/vistvernd>

Ítarefni:

Notuð föt öðlast nýtt líf

Á hverju ári fellur til óhemju mikið magn af notuðum fatnaði í Evrópu. Notuðum fötum er í flestum löndum safnað saman af góðgerðarsamtökum sem selja fötin til endurvinnslu-fyrirtækja og nýta peningana sem þau fá fyrir fötin í góðgerðamál. Á Íslandi safnast um 1.200 tonn af fatnaði árlega en í stórum og fjölmönnum löndum er magnið miklu meira og má sem dæmi nefna að í Þýskalandi safnast um 600.000 tonn af fatnaði á hverju ári.

Fötin skapa fjölmörg störf því þau þarf að sortera í ótal flokka sem hver og einn á sinn markað víðs vegar um heiminn. Bestu fötin sem hægt er að nota beint eru einkum seld til landa í Afríku þar sem þau eru svo aftur seld á mörkuðum. Það sem ekki er hægt að nýta áfram sem flíkur fer til endurvinnslu og t.d. eru bílasætaáklæði gjarnan búin til úr endurunnu efni. Í borginni Prato í Toskana á Ítalíu er löng hefð fyrir að endurnýta ullarvörur og þar er búið til hágæða ullarefni úr notaðri ull sem safnast í Evrópu. Gæði notuðu ullarinnar eru alveg þau sömu og nýrrar ullar og úr ullarefnunum frá Prato eru því búnar til fínustu flíkur sem við kaupum svo út í búð. Þannig gæti gamla ullarpeysan, sem við settum í söfnunargám, endað aftur í skúffunni okkar sem ný peysa!

Með því að endurnýta gömlu fötin sem við erum vaxin upp úr eða hætt að nota gerum við margt gott. Við búum til peninga fyrir hjálparstarf og sköpum störf um allan heim um leið og við verndum jörðina með aukinni nýtni.

Samgöngur

Bls. 24–25

Umræður

- Skoða kortið bls. 24 – hvar eru stærstu flugvellirnir?
- Hvernig er best að ferðast um Evrópu? Hvað er ódýrasti ferðamátinn?
- Hvernig er best að flytja vörur um álfuna?
- Hvaða hlutverki gegna ár í þungaflutningum?
- Rekja farveg á Rín, Dóná og Volga.
- Umhverfisvænar samgöngur – hvað er það?
- Hvaða hlutverki þjórnar Veraldarvefurinn í samgöngum?

Margar ólíkar þjóðir

Bls. 26–27

Umræður

- Hvaða tungumálaflokkar eru í Evrópu?
- Hvaða tungumál eru lík – ólík?
- Hvaða stafróf eru notuð í Evrópu? Fróðleikur um kyrillískt stafróf.
<http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=6471>
- Skoða orðabókina með upplýsingum um lönd – hvernig segja íbúar landanna já – nei – takk og ég elska þig?
- Er trúfrelsi á Íslandi? En í Evrópu?
- Hvaða trúarbrögð þekkja nemendur?
- Ræða stjórnarfar eins og muninn á lýðræði og einveldi? Lýðveldi og þingbundinni konungsstjórn.
- Hvert er hlutverk forseta? En kóniga og drottninga. Hvaða munur er á þessum embættum?

Matur og matarmenning

Matur (þjóðarréttir) og matarmenning er blómleg í Evrópu. Nemendur geta fundið út þjóðarrétti ólíkra landa. Hvað einkennir matarmenningu ólíkra þjóða og hverjar geta ástæðurnar verið? Hvernig tengist það landslagi/landkostum og menningu, siðum og venjum?



Evrópa – landsvæði

Nemendabók bls. 28–91

Í þessum hluta bókarinnar er fjallað um einstaka svæði í Evrópu. Hér verða ekki taldar upp hugmyndir að umræðuspurningum heldur eru listuð upp verkefni á vinnublöðum með hugmyndum að einstaklings- eða hópvinnu nemenda um þessi landsvæði.

Hugmyndin er að mynda sérfræðihópa. Nemendur velja sér land eða kennari skiptir löndum á milli nemenda þannig að öll lönd þessara svæða verði tekin til umfjöllunar. Nemandi eða nemendahópur verður þannig sérfræðingur í sínu landi með því að vinna ítarlega kynningu á landinu og kynna það fyrir bekkjarfélögum.

Ekki eru beinar spurningar úr bókinni um hvert land heldur nokkrar almennar spurningar um landsvæðin, orðapraut og teikning og að lokum nokkrar valspurningar um einstaka efni tengt kaflanum.

Hugmynd hér er að nemendur búi til spurningar um það sem þá langar til að vita um hin löndin, það er þau lönd sem þeir eru ekki að fjalla um sjálfir. Þær spurningar eru svo lagðar fyrir þann nemandu sem fjallar um landið þegar hann kynnir sitt land. Sérfræðingahópur hvers lands reynir að svara þeim spurningum sem beint er til þeirra.

Norðurlönd

Bls. 28–37

Í kaflanum er fjallað um:

- Landshætti og náttúrufar.
- Söguágrip og menningu.
- Atvinnuhætti og náttúruauðlindir.
- Stjórnarfar.
- Samgöngur.
- Lýðfræði.
- Samvinnu og sérstöðu.

Markmið

Nemandi

- þekki á Evrópukorti nöfn og legu Norðurlandanna
- þekki helstu örnefni; stærstu borgir, ár, vötn, eyjar, skaga, höf og fjallgarða
- átti sig á landslagi og náttúrufari á Norðurlöndum og hvernig það hefur mótast
- geri sér grein fyrir samskiptum og samvinnu á milli Norðurlandanna
- þekki ólík menningarsvæði
- þekki til helstu náttúruauðlinda og orkugjafa
- þekki til helstu atvinnuvega og búsetumynsturs
- átti sig á samgöngum á Norðurlöndum
- geti útskýrt af hverju fólk ferðast og flytur á milli landa
- geti aflað sér upplýsinga um einstök lönd og landsvæði eftir mismunandi leiðum, í t.d. bókum, dagblöðum, á Netinu, úr tölfræðigögnum, kortum eða með viðtölum



Vestur-Evrópa

Bls. 38–53

Í kaflanum er fjallað um:

- Landshætti og náttúrufer.
- Söguágrip og menningu.
- Atvinnuhætti og náttúruauðlindir.
- Stjórnarfar.
- Samgöngur.
- Lýðfræði.
- Samvinnu og sérstöðu.



Markmið

Nemandi

- þekki á Evrópukorti nöfn og legu landa
- þekki helstu örnefni; stærstu borgir, ár, vötn, eyjar, skaga, höf og fjallgarða
- átti sig á landslagi og náttúruferi og hvernig það hefur mótast
- geri sér grein fyrir samskiptum og samvinnu á milli ríkja
- þekki ólík menningarsvæði
- þekki til helstu náttúruauðlinda og orkugjafa
- þekki til helstu atvinnuvega og búsetumynsturs
- átti sig á samgöngum í Vestur-Evrópu
- geti útskýrt af hverju fólk ferðast og flytur á milli landa
- geti aflað sér upplýsinga um einstök lönd og landsvæði eftir mismunandi leiðum, í t.d. bókum, dagblöðum, á Netinu, úr tölfraeðigögnum, kortum eða með viðtölum

Heimsstyrjaldirnar

Bls. 54–61

Í kaflanum er fjallað um:

- Fyrri heimsstyrjöldina.
- Seinni heimsstyrjöldina.
- Aðdraganda og endalok styrjaldanna.
- Áhrif styrjaldanna á landamæri og þjóðir Evrópu.
- Stríðsárin á Íslandi.

Markmið

Nemandi

- átti sig á áhrifum heimsstyrjaldanna á lönd og þjóðir
- geri sér grein fyrir hvernig landamæri geta færst til
- átti sig á samskiptum milli ríkja á stríðstímum
- átti sig á framvindu heimsstyrjaldanna og áhrifum þeirra á einstök svæði í Evrópu
- átti sig á hvaða hlutverki Versalasarminnar, kreppan mikla og Adolf Hitler gengdu í stríðsbróltinu

Ítarefni:

Heimsstyrjaldirnar

Það krefst ákveðinna einfaldana að sýna með augnabliksmynd (korti) stöðu sem sjaldnast var óbreytt allt stríðið. Breytingar á landamærum og yfirráðasvæðum voru miklar og tilfærslur stríðandi fylkinga til og frá sömuleiðis. Þó er reynt að sýna sem gleggsta mynd af Evrópu á ákveðnu tímabili. Margar lausnir eru hugsanlegar og engin ein fullkomin. Aðalkrafan er að kortið sé sjálfu sér samkvæmt.

Fyrri heimsstyrjöldin

Það getur orkað tvímælis hvaða litur ákveðnum landsvæðum hefur verið gefinn, eftir því við hvaða ár styrjaldanna er miðað og eru kennarar því beðnir að sjá í gegnum fingur sér að því leyti. Í því ljósi má t.d. deila um hlutskipti Albaníu í fyrri heimsstyrjöldinni, þ.e. hvort landið hafi verið hlutlaust eða ekki. En Albanía var hertekin strax á fyrstu mánuðum stríðsins og var hernumið land allt til stríðsloka. Málið er að því leyti flókið að það voru tvö til þrjú ríki sem hertóku mismunandi landshluta, en Austurríki kom fyrst og tók mest. Albanía reyndi ekkert að verjast og tók ekki sem ríki neinn þátt í stríðinu, hvorki hernaðarlega né diplómatiskt, sem er skiljanlegt þegar litið er til þess að í landinu var engin raunveruleg stjórn á þessum tíma.

Seinni heimsstyrjöldin

Með kortinu af seinni heimsstyrjöldinni á bls. 58 má segja að reynt sé að endurspegla Evrópu eins og hún leit út á árunum 1939–1941. Ef það hjálpar að hafa með örstuttar útskýringar gætu þær verið eitthvað á þessa leið.

Ítalir höfðu hertekið Albaníu 1939, áður en styrjöldin sjálf hófst, og þess vegna er hún ekki merkt eins og Holland eða Noregur heldur eins og Ítalía sjálf. Austurríki er á sama hátt alls ekki sýnt af því að það var innlimað í Þýskaland fyrir stríð. Tékkóslóvakía er sýnd sem tvö lönd af því að henni var skipt í mars 1939. Vesturhlutinn (Bæheimur og Mæri eins og hann hét) er sýndur með lit Þýskalands af því að hann var hertekinn af Þjóðverjum fyrir stríð (ólíkt t.d. Póllandi sem Þýskaland hertók hálfu ári seinna).

Sovétríkin eru sýnd á svolítið flókinn hátt. Blái liturinn sýnir yfirráðasvæði þeirra 1941 (þegar Þýskaland réðst á þau), hvítu línurnar eru landamærin í upphafi stríðs 1939. Þannig er hægt að sjá hvernig þau höfðu í millitíðinni innlimað Eistland, Lettland og Litháen og hluta af Finnlandi, Póllandi og Rúmeníu. Brotna línan fyrir austurvígstöðvarnar sýnir í grófum dráttum stöðuna eins og hún var haustið 1941 og fram á vetur 1942.

Genfarsamningarnir

Stórásir sprengjuflugvéla beggja fylkinga á óbreytta borgara var einkenni seinni heimsstyrjaldar. Ekki höfðu jafn margir óbreyttir borgarar áður fallið í stríði eins og þarna varð. Þetta var upphafið að neikvæðri þróun því hlutfall óbreyttra borgara af föllnum í stríði hefur haldið áfram að hækka allt frá þessum tíma til dagsins í dag.

Eftir síðari heimsstyrjöldina beitti Alþjóða Rauði krossinn sér fyrir því að gerður yrði samningur til verndar almennum borgurum á stríðstímum. Árið 1949 voru samþykktir svokallaðir Genfarsamningar sem í raun eru fjórir alþjóðlegir mannúðarsamningar sem taka til

Ítarefni:

verndar fólks á stríðstímum. Genfarsamningarnir ná til særðra og sjúkra hermanna, stríðs-fanga, óbreyttra borgara og starfsmanna hjálparsamtaka. Markmið samninganna er að vernda þá sem ekki taka beinan þátt í stríðsátökum.

Stríðsárin á Íslandi

Ísland tengdist stríðinu sem hertekið land og sætti velviljuðu hernámi Breta. Síðar var hernáminu breytt í umsamda hvernd með samningi við Bandaríkin sem Bretland stóð raunverulega að líka.

Hugmynd að aukaverkefni

Samvinnunám/hópvinna þar sem nemendur kynna sér reynslu eldri borgara, t.d. fæddra fyrir 1930–1935, af seinni heimstyrjöldinni með því að taka viðtöl við þá. Nemendur semja spurningar sjálfir til að taka með í viðtalið og kynna niðurstöður síðan í kennslustund. Einnig er hægt að kanna hvort einhverjar stríðsminjar finnast í heimabyggð eins og t.d. braggar eða leifar af þeim.

Austur-Evrópa

Bls. 62–73

Í kaflanum er fjallað um:

- Landshætti og náttúrufar.
- Söguágrip og menningu.
- Atvinnuhætti og náttúruauðlindir.
- Stjórnarfar.
- Samgöngur.
- Lýðfræði.
- Samvinnu og sérstöðu.

Markmið

Nemandi

- þekki á Evrópukorti nöfn og legu landa
- þekki helstu örnefni; stærstu borgir, ár, vötn, eyjar, skaga, höf og fjallgarða
- átti sig á landslagi og náttúrufari og hvernig það hefur mótast
- geri sér grein fyrir samskiptum og samvinnu á milli ríkja
- þekki ólík menningarsvæði
- þekki til helstu náttúruauðlinda og orkugjafa
- þekki til helstu atvinnuvega og búsetumynsturs
- átti sig á samgöngum í Austur-Evrópu
- geti útskýrt af hverju fólk ferðast og flytur á milli landa
- geti aflað sér upplýsinga um einstök lönd og landsvæði eftir mismunandi leiðum, í t.d. bókum, dagblöðum, á Netinu, úr tölfræðigögnum, kortum eða með viðtölum

Suður-Evrópa

Bls. 74–91

Í kaflanum er fjallað um:

- Landshætti og náttúrufer.
- Söguágríp og menningu.
- Atvinnuhætti og náttúruauðlindir.
- Stjórnarfar.
- Samgöngur.
- Lýðfræði.
- Samvinnu og sérstöðu.



Markmið

Nemandi

- þekki á Evrópukorti nöfn og legu landa
- þekki helstu örnefni; stærstu borgir, ár, vötn, eyjar, skaga, höf og fjallgarða
- átti sig á landslagi og náttúruferi og hvernig það hefur mótast
- geri sér grein fyrir samskiptum og samvinnu á milli ríkja
- þekki ólík menningarsvæði
- þekki til helstu náttúruauðlinda og orkugjafa
- þekki til helstu atvinnuvega og búsetumynsturs
- átti sig á samgöngum í Suður-Evrópu
- geti útskýrt af hverju fólk ferðast og flytur á milli landa
- geti aflað sér upplýsinga um einstök lönd og landsvæði eftir mismunandi leiðum, í t.d. bókum, dagblöðum, á Netinu, úr tölfraeðigögnum, kortum eða með viðtölum

Ítarefni:

Sprengingarnar í Madrid

11. mars árið 2004 var í fyrstu ósköp venjulegur morgunn í Madrid, höfuðborg Spánar. Fólk streymdi til vinnu í lestakerfi borgarinnar og fréttirnar þennan morgun snerust flestar um þingkosningar sem áttu að fara fram þremur dögum síðar. Allt í einu kvað við gríðarleg sprenging. Nokkrar öflugar sprengjur sprungu og ljóst var að hryðjuverkamenn höfðu gert árás á borgina. Spánverjar þekkja vel til hryðjuverkaárása því Aðskilnaðarsamtök Baska (ETA) hafa árum saman staðið fyrir sprengjutilræðum í landinu. Ólíkt sprengjutilræðum Baska var engin viðvörðun gefin út. Sprengjurnar sprungu á háannatíma í lestarsamgöngum þegar flestir voru á leið til vinnu eða í skóla. Þegar degi tók að halla var ljóst að 191 lágu í valnum og rúmlega 1800 höfðu slasast. Seinna kom í ljós að öfgasinnaðir islamistar stóðu fyrir sprengingunum. Daginn eftir flyktust Spánverjar út á götur borga um allan Spán til að mótmæla hryðjuverkunum. Um 11 milljónir manna gengu í friðargöngum til að sýna samstöðu með þeim sem fórust eða særðust.

Ferðast til Spánar

Á Spáni eru um 11% íbúanna innflytjendur:

$46.000.000 * 0,11 = 5.060.000$ eða rúmar 5 milljónir.

Hugmynd að aukaverkefni

Nemendur beri saman kortið af Rómaveldi hér fyrir neðan við kort af Evrópu og geri sér í hugarlund stærð ríkisins með því að finna út og skrifa niður yfir hvaða löndum Rómverjar réðu.



Samvinna í Evrópu

Nemendabók bls. 92–99

Í kaflanum er fjallað um samvinnu í Evrópu. Það sem tekið er fyrir er:

- Evrópusambandið – ESB.
- Stofnanir Evrópusambandsins.
- EFTA, EES.
- Schengen.
- NATO.
- Sameinuðu þjóðirnar.
- Mannréttindi í Evrópu.
- Evróvisjón.

Markmið

Nemandi

- viti hvað Evrópusambandið er og helstu stofnanir þess
- viti hvað felst í fjórfrelsinu
- þekki helstu samtök, stofnanir og samninga sem Evrópuríki eiga aðild að
- átti sig á nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja á ýmsum sviðum
- viti hvað felst í mannréttindum

Samvinna í Evrópu

Mikilvægt er að nemendur átti sig á því að í Evrópu, og í raun í heiminum öllum, eigum við í viðtæku samstarfi um allt á milli himins og jarðar. Það er ekki endilega markmið að nemendur geti þulið upp hlutverk einstakra stofnana eða samninga heldur geri sér grein fyrir gildi samstarfs og áhrifum þess á daglegt líf fólks.

Hægt er að velta fyrir sér áhrifum einstakra stofnana eða samninga á líf okkar, t.d. hvernig er að ferðast innan Schengen-svæðisins og út af því, m.a. í sambandi við vegabréfaeftirlitið.

Hugmynd að aukaverkefni

Evróvisjón

Meirihluti 12 ára barna fylgist árlega spenntur með Evróvisjón, hvort sem þau viðurkenna það eða ekki! Því er upplagt að nota þessa vinsælu keppni til að kynna Evrópu örlítið betur. Skoðið vefsíðu Evróvisjón söngvakeppninnar á www.eurovision.tv og kynnið ykkur úrslitin í síðustu keppni. Í þessu verkefni getur allur bekkurinn unnið saman og skipt á milli sín löndunum til að svara spurningunum. Nauðsynlegt er að hafa Evrópukort til hliðsjónar.

1. Hvaða lönd fengu stig frá næstu nágrönnum sínum?
2. Hversu mörg lönd frá Austur-Evrópu lentu í 10 efstu sætunum?
3. Úr hvaða hluta Evrópu kom sigurlagið í ár?

Hugmyndir að námsmati

Mikilvægt er að námsmat sé fjölbreytilegt og endurspegli sem best færni nemenda á ólíkum sviðum. Þannig má í senn ýta undir fjölbæfni og virða ólíkar þarfir nemenda.

Gott er að leggja reglulega mat á vinnu nemenda. Það hvetur nemendur til dáða og veitir gagnlegar upplýsingar um framvindu námsins. Þá ættu nemandi og kennari að átta sig sem best á námsstöðunni og þar með vera í stakk búnir til að haga námi og kennslu eftir þörfum hverju sinni.

Nauðsynlegt er að ákveða fyrir fram hvernig standa skuli að námsmati fyrir veturinn. Kennarar þurfa að koma sér upp skýru matskerfi og gera nemendum grein fyrir því í upphafi skólaárs. Mikilvægt er að skrá frammistöðu nemenda með reglubundnum hætti þegar símat fer fram.

Sumir fara þá leið að byrja á bókinni með nemendum og fjalla um ákveðið efni og taka próf úr því. Aðrir vilja heldur meta vinnu nemenda og nota til þess ýmsa lista og matskvarða. Svo eru margir sem blanda þessu saman. Á heimasíðu Ingvars Sigurgeirssonar <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/kennsluadferdir/namsmat.htm> er að finna mikið úrval af matslistum og ýmsum öðrum hugmyndum um námsmat ásamt tenglum á aðra námsmatsvefi. Hér á eftir eru dæmi um matslista sem hægt er að nota til að auðvelda kennurum matið. Þetta eru einungis hugmyndir og því sjálfsagt fyrir kennara að nota það sem hentar þeim og bæta við eða sleppa eftir þörfum.

Hópvinna

Matsblað til að meta vinnu hópsins

	Gott	Sæmilegt	Slæmt
Ég hafði gaman af hópvinnumni			
Ég tók þátt í því að skipta verkum			
Ég hlustaði á hina í hópnum			
Ég tók virkan þátt í samræðum			
Ég vann minn hluta af verkefninu			
Mér finnst að ég ætti að fá í einkunn			

Mat á verkefni um lönd Evrópu

	Mjög gott	Gott	Sæmilegt	Vantar
Landfræðileg staða				
Stærð landsins og íbúafjöldi				
Landslag				
Gróðurfar og loftslag				
Þjóðhöfðingi				
Tungumál				
Frægt fólk				
Menning				
Teikna kort á plakat				
Nafn og fáni				
Lita láglendi og hálendi				
Höfuðborg				
3–5 stærstu borgir				
Stærstu ár og vötn				
Auðlindir				
Hvernig maður kemst til landsins				
Gisting og samgöngur				
Athyglisverðir staðir, afþreying				
Myndir				
Útlit og framsetning				



Mat á flutningi

	Mjög gott	Gott	Sæmilegt	Ófullnægjandi
Raddstyrkur				
Framsögn og túlkun				
Framkoma				
Heldur athygli				
Heildareinkunn				

Mat á virkni í tíma

Nöfn	Sjálfstæði	Kemur sér að verki	Hugmynda- rík(ur)	Iðin(n)	Skapandi	Góð(ur) í samstarfi

Í þessari töflu bætir kennari við línur eftir fjölda nemenda en einnig er hægt að gera einfalda virkniathugun þar sem eingöngu er merkt við plús eða mínus eftir því hvort viðkomandi nemandi var að vinna þegar athugunin var gerð. Ef slíkt er gert yfir ákveðið tímabil kemur stundum í ljós að sumir nemendur eru alltaf virkir og aðrir óvirkir. Þá er hægt að gera eitthvað í málinu áður en hópinnunni lýkur eða hópurinn fer að starfa illa vegna þess að einhver innan hópsins gerir ekki það sem hann/hún á að gera.



Viðauki – til upplýsingar

Lönd Evrópu 2010

Upplýsingar til að nota í ýmsa verkefnavinnu.

Stjarna (*) merkir opinbert tungumál.

Albanía

Stærð 29.000 km²

Íbúafjöldi 3,6 milljónir

Höfuðborg Tírana

Aðrar borgir Shkodër, Durrës, Elbasan

Tungumál albanska*, gríska, makedónska

Trúarbrögð múslimar 70%, gríska rétttrúnaðarkirkjan 20%, rómversk-kaþólskir 10%

Stjórnarfar lýðveldi

Helstu atvinnuvegir landbúnaður, námugróftur

Gjaldmiðill lek

Hlutfall læsra 98,7%

Andorra

Stærð 468 km²

Íbúafjöldi 84 þúsund

Höfuðborg Andorra la Vella

Aðrar borgir El Serrat, Encamp

Tungumál katalónska*, franska, spænska, portúgalska

Trúarbrögð rómversk-kaþólskir

Stjórnarfar þingbundin furstastjórn

Helstu atvinnuvegir sauðfjárrækt, ferðaþjónuswa

Gjaldmiðill evra

Hlutfall læsra 100%

Austurríki

Stærð 84.000 km²

Íbúafjöldi 8,2 milljónir

Höfuðborg Vín

Aðrar borgir Salzburg, Innsbruck, Linz

Tungumál þýska*, króatíska, slóvenska, ungerska

Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 74%, aðrir 26%,

Stjórnarfar lýðveldi

Helstu atvinnuvegir iðnaður, ferðaþjónusta

Gjaldmiðill evra

Hlutfall læsra 98%

Belgía

Stærð 31.000 km²

Íbúafjöldi 10,4 milljónir

Höfuðborg Brussel

Aðrar borgir Antwerpen, Liege, Gent

Tungumál flæmska*, franska*, þýska

Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 75%, aðrir 25%

Stjórnarfar þingbundin konungsstjórn

Helstu atvinnuvegir hátækni-iðnaður, þjónusta

Gjaldmiðill evra

Hlutfall læsra 99%



Bosnía og HersegóvínaStærð 51.000 km²

Íbúafjöldi 4,6 milljónir

Höfuðborg Sarajevó

Aðrar borgir Banja Luka, Zenica, Mostar

Tungumál bosníska, króatíska, serbneska

Trúarbrögð múslimar 40%, gríska rétttrúnaðarkirkjan 31%, rómversk-kaþólskir 15%, aðrir 14%

Stjórnarfar sambandslýðveldi

Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður

Gjaldmiðill mark

Hlutfall læsra 96,7%

BúlgaríaStærð 111.000 km²

Íbúafjöldi 7,2 milljónir

Höfuðborg Sofía

Aðrar borgir Búrgas, Plovdív, Razgrad

Tungumál búlgarska*, tyrkneska

Trúarbrögð búlgarska rétttrúnaðarkirkjan 83%, múslimar 12%, aðrir 5%

Stjórnarfar lýðveldi

Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður

Gjaldmiðill lef

Hlutfall læsra 98,2%

DanmörkStærð 43.000 km²

Íbúafjöldi 5,5 milljónir

Höfuðborg Kaupmannahöfn

Aðrar borgir Árósar (Árhus), Óðinsvé (Odense), Álaborg (Ålborg)

Tungumál danska*

Trúarbrögð mótmælendur 95%, aðrir 5%

Stjórnarfar þingbundin konungsstjórn

Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður

Gjaldmiðill króna

Hlutfall læsra 99%

EistlandStærð 45.000 km²

Íbúafjöldi 1,3 milljónir

Höfuðborg Tallinn

Aðrar borgir Tartu, Pärnu

Tungumál eistneska*, rússneska

Trúarbrögð lúterskir 14%, rétttrúnaðarkirkjan 13%, aðrir 67%, utan trúflokka 6%

Stjórnarfar lýðveldi

Helstu atvinnuvegir iðnaður, þjónusta, skógrækt

Gjaldmiðill króna

Hlutfall læsra 99,8%

FinnlandStærð 338.000 km²

Íbúafjöldi 5,3 milljónir

Höfuðborg Helsinki

Aðrar borgir Turku (Åbo), Oulu, Vaasa (Vasa)

Tungumál finnska*, sænska*, samíska

Trúarbrögð lúterskir 83%, gríska rétttrúnaðarkirkjan 1%, aðrir 16%

Stjórnarfar lýðveldi

Helstu atvinnuvegir þjónusta, iðnaður, skógrækt

Gjaldmiðill evra

Hlutfall læsra 100%



Frakkland

Stærð 547.000 km²
Íbúafjöldi 65 milljónir
Höfuðborg París
Aðrar borgir Marseille, Lyon, Bordeaux
Tungumál franska*
Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 83–88%, mótmælendur 2%, múslimar 5–10%, aðrir 4%
Stjórnarfar lýðveldi
Helstu atvinnuvegir iðnaður, landbúnaður, vinrækt, þjónusta, ferðaþjónusta
Gjaldmiðill evra
Hlutfall læsra 99%

Færeyjar

Stærð 1.399 km²
Íbúafjöldi 49 þúsund
Höfuðborg Þórshöfn
Tungumál færeyska, danska*
Trúarbrögð lúterskir 84%, aðrir 16%
Stjórnarfar lýtur stjórn Dana
Helstu atvinnuvegir fiskveiðar, landbúnaður
Gjaldmiðill dönsk króna
Hlutfall læsra 99%

Grikkland

Stærð 132.000 km²
Íbúafjöldi 10,7 milljónir
Höfuðborg Aþena
Aðrar borgir Þessaloníkí, Larísa, Patra
Tungumál gríska*
Trúarbrögð gríska rétttrúnaðarkirkjan 98%, múslimar 1%, aðrir 1%
Stjórnarfar lýðveldi
Helstu atvinnuvegir þjónusta, iðnaður, landbúnaður
Gjaldmiðill evra
Hlutfall læsra 96%

Grænland

Stærð 2.166.000 km²
Íbúafjöldi 57 þúsund
Höfuðborg Nuuk
Tungumál grænenska, danska*
Trúarbrögð lúterskir 98%, aðrir 2%
Stjórnarfar lýtur stjórn Dana
Helstu atvinnuvegir fiskveiðar
Gjaldmiðill dönsk króna
Hlutfall læsra 100%

Holland

Stærð 42.000 km²
Íbúafjöldi 16,7 milljónir
Höfuðborg Amsterdam
Aðrar borgir Rotterdam, Haag, Utrecht, Arnhem
Tungumál hollenska*, frísneska
Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 30%, mótmælendur 20%, múslimar 6%, aðrir 44%
Stjórnarfar þingbundin konungsstjórn
Helstu atvinnuvegir iðnaður, landbúnaður, blómarækt, þjónusta
Gjaldmiðill evra
Hlutfall læsra 99%



Hvíta-Rússland

Stærð 208.000 km²
 Íbúafjöldi 9,7 milljónir
 Höfuðborg Minsk
 Aðrar borgir Homjel, Vítsjebk, Hrodna
 Tungumál hvítrússneska*, rússneska*
 Trúarbrögð rússneska rétttrúnaðarkirkjan 80%, aðrir 20%
 Stjórnarfar lýðveldi
 Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður
 Gjaldmiðill hvítrússnesk rúbla
 Hlutfall læsra 99,6%

Írland

Stærð 70.000 km²
 Íbúafjöldi 4,2 milljónir
 Höfuðborg Dublin
 Aðrar borgir Cork, Limerick
 Tungumál enska*, írka (gelíska)*
 Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 87%, mótmælendur 5%, aðrir 8%
 Stjórnarfar lýðveldi
 Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður
 Gjaldmiðill evra
 Hlutfall læsra 99%

Ísland

Stærð 103.000 km²
 Íbúafjöldi 320 þúsund
 Höfuðborg Reykjavík
 Tungumál íslenska*
 Trúarbrögð þjóðkirkjan 81%, rómversk-kaþólskir 3%, önnur kristin trúfélög 4%, aðrir 7%, utan trúflokka 6%
 Stjórnarfar lýðveldi
 Helstu atvinnuvegir þjónusta, iðnaður, sjávarútvegur
 Gjaldmiðill króna
 Hlutfall læsra 100%

Ítalía

Stærð 301.000 km²
 Íbúafjöldi 58 milljónir
 Höfuðborg Róm
 Aðrar borgir Milanó, Tórinó, Napólí, Genúa
 Tungumál ítalska*, þýska, franska
 Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 90%, aðrir 10%
 Stjórnarfar lýðveldi
 Helstu atvinnuvegir ferðaþjónusta, iðnaður, landbúnaður
 Gjaldmiðill evra
 Hlutfall læsra 98,4%

Kosovo

Stærð 11.000 km²
 Íbúafjöldi 1,8 milljónir
 Höfuðborg Pristína
 Aðrar borgir Prizren, Pec
 Tungumál albanska*, serbneska*, bosníska, tyrkneska
 Trúarbrögð múslimar, serbneska rétttrúnaðarkirkjan, rómversk-kaþólskir
 Stjórnarfar lýðveldi
 Helstu atvinnuvegir landbúnaður, námugróftur, iðnaður
 Gjaldmiðill evra
 Hlutfall læsra 91,9%



Króatía

Stærð 57.000 km²
Íbúafjöldi 4,5 milljónir
Höfuðborg Zagreb
Aðrar borgir Split, Osijek, Rijeka
Tungumál króatíska*, serbneska
Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 88%, gríska rétttrúnaðarkirkjan 4%, aðrir 8%
Stjórnarfar lýðveldi
Helstu atvinnuvegir þjónusta, ferðaþjónusta, landbúnaður, skipaiðnaður
Gjaldmiðill kúna
Hlutfall læsra 98,1%

Kýpur

Stærð 9.251 km²
Íbúafjöldi 1 milljón
Höfuðborg Nicosía
Tungumál gríska og tyrkneska
Trúarbrögð grísk orthodox 78 % og múslimar 18 %
Gjaldmiðill evra

Lettland

Stærð 65.000 km²
Íbúafjöldi 2,2 milljónir
Höfuðborg Riga
Aðrar borgir Liepāja, Daugavpils
Tungumál lettneska*, rússneska, litháíska
Trúarbrögð lúterskir 20%, rétttrúnaðarkirkjan 15%, aðrir 65%
Stjórnarfar lýðveldi
Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður, véla- og málmíðnaður
Gjaldmiðill latti
Hlutfall læsra 99,7%

Liechtenstein

Stærð 160 km²
Íbúafjöldi 35 þúsund
Höfuðborg Vaduz
Aðrar borgir Schaan, Balzers, Mauren
Tungumál þýska*, alemanníska
Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 76%, mótmælendur 7%, aðrir 17%
Stjórnarfar þingbundið furstadæmi
Helstu atvinnuvegir ferðaþjónusta, bankastarfsemi, smáiðnaður
Gjaldmiðill svissneskur franki
Hlutfall læsra 100%

Litháen

Stærð 65.000 km²
Íbúafjöldi 3,6 milljónir
Höfuðborg Vilnius
Aðrar borgir Kaunas, Klaipeda
Tungumál litháíska*, rússneska, pólska
Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 79%, rússneska rétttrúnaðarkirkjan 4%, aðrir 17%
Stjórnarfar lýðveldi
Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður, rafeinda- og rafvélaíðnaður
Gjaldmiðill litas
Hlutfall læsra 99,6%

Lúxemborg

Stærð 2.586 km²
 Íbúafjöldi 492 þúsund
 Höfuðborg Lúxemborg
 Aðrar borgir Diekirch, Grevenmacher
 Tungumál lúxemborgíska*, þýska, franska
 Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 87%, aðrir 13%
 Stjórnarfar þingbundin hertogastjórn
 Helstu atvinnuvegir bankastarfsemi, iðnaður, stáliðnaður
 Gjaldmiðill evra
 Hlutfall læsra 100%

Makedónía

Stærð 25.000 km²
 Íbúafjöldi 2,1 milljón
 Höfuðborg Skopje
 Aðrar borgir Bitola, Kumanovo
 Tungumál makedónska, albanska, tyrkneska, serbneska
 Trúarbrögð makedónska rétttrúnaðarkirkjan 65%, múslimar 33%, aðrir 2%
 Stjórnarfar lýðveldi
 Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður
 Gjaldmiðill denari
 Hlutfall læsra 96,1%

Malta

Stærð 316 km²
 Íbúafjöldi 405 þúsund
 Höfuðborg Valletta
 Aðrar borgir Rabat, Victoria
 Tungumál maltneska*, enska*
 Trúarbrögð rómversk kaþólskir 98%, aðrir 2%
 Stjórnarfar lýðveldi
 Helstu atvinnuvegir skipaiðnaður, ferðaþjónusta
 Gjaldmiðill evra
 Hlutfall læsra 92,8%

Moldóva

Stærð 34.000 km²
 Íbúafjöldi 4,3 milljónir
 Höfuðborg Kisínev (Chisinau)
 Aðrar borgir Tiraspol, Bálti
 Tungumál moldóvska* (rúmenska), rússneska
 Trúarbrögð rúmenska rétttrúnaðarkirkjan 98%, aðrir 2%
 Stjórnarfar lýðveldi
 Helstu atvinnuvegir landbúnaður, ávaxta- og grænmetisrækt
 Gjaldmiðill lei
 Hlutfall læsra 99,1%

Mónakó

Stærð 1.95 km²
 Íbúafjöldi 33 þúsund
 Höfuðborg Mónakó
 Tungumál franska*, enska, ítalska, monégasque
 Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 90%, aðrir 10%
 Stjórnarfar þingbundin furstastjórn
 Helstu atvinnuvegir ferðaþjónusta, bankastarfsemi, smáiðnaður
 Gjaldmiðill evra
 Hlutfall læsra 99%



Noregur

Stærð 324.000 km²
Íbúafjöldi 4,7 milljónir
Höfuðborg Osló
Aðrar borgir Stafangur (Stavanger), Björgvin (Bergen), Þrándheimur (Trondheim)
Tungumál norska*, samíska, finnska
Trúarbrögð lúterskir 90%, múslimar 2%, aðrir 8%
Stjórnarfar þingbundin konungsstjórn
Helstu atvinnuvegir fiskveiðar, olíuvinnsla, skógarhögg
Gjaldmiðill króna
Hlutfall læsra 100%

Páfagarður

Stærð 0,44 km²
Íbúafjöldi 826
Tungumál ítalska, latína og franska
Trúarbrögð Vatíkanið er höfuðstöðvar rómversk-kaþólsku kirkjunnar og aðsetur æðsta yfirmanns hennar, páfans
Stjórnarfar einveldi, páfinn skipar nefnd sem stjórnar ríkinu
Gjaldmiðill evra
Hlutfall læsra 100%

Portúgal

Stærð 92.000 km²
Íbúafjöldi 10,7 milljónir
Höfuðborg Lissabon
Aðrar borgir Porto, Coimbra, Setubal
Tungumál portúgalska*
Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 85%, mótmælendur 3%, aðrir 12%
Stjórnarfar lýðveldi
Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður, ferðaþjónusta
Gjaldmiðill evra
Hlutfall læsra 93,3%

Pólland

Stærð 313.000 km²
Íbúafjöldi 38,5 milljónir
Höfuðborg Varsjá
Aðrar borgir Kraká, Poznan, Gdansk
Tungumál pólska*
Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 90%, aðrir 2%, utan trúflokka 8%
Stjórnarfar lýðveldi
Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður
Gjaldmiðill slot
Hlutfall læsra 99,8%

Rúmenía

Stærð 238.000 km²
Íbúafjöldi 22,5 milljónir
Höfuðborg Búkarest
Aðrar borgir Constanta, Brasov, Timisoara
Tungumál rúmenska*, ungverska
Trúarbrögð rétttrúnaðarkirkjan 87%, mótmælendur 8%, rómversk-kaþólskir 5%
Stjórnarfar lýðveldi
Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður, námugróftur
Gjaldmiðill lei
Hlutfall læsra 97,3%



Rússland

Stærð 17.075.200 km²
 Íbúafjöldi 140 milljónir
 Höfuðborg Moskva
 Aðrar borgir Sankti-Pétursborg, Volgograd, Perm
 Tungumál rússneska*, úkraínska
 Trúarbrögð rússneska rétttrúnaðarkirkjan 15–20%, múslimar 10–15%, aðrir 2%
 Stjórnarfar sambandsríki
 Helstu atvinnuvegir landbúnaður, námugróftur, orkuframleiðsla og véla-, efna-,
 timbur- og vefnaðariðnaður
 Gjaldmiðill rússnesk rúbla
 Hlutfall læsra 99,4%

**San Marínó**

Stærð 61,2 km²
 Íbúafjöldi 30,5 þúsund
 Höfuðborg San Marínó
 Aðrar borgir Serravalle, Fiorentino
 Tungumál ítalska*
 Trúarbrögð rómversk-kaþólskir
 Stjórnarfar lýðveldi
 Helstu atvinnuvegir ferðaþjónusta, smáiðnaður
 Gjaldmiðill evra
 Hlutfall læsra 96%

Serbía

Stærð 78.000 km²
 Íbúafjöldi 7,5 milljónir
 Höfuðborg Belgrad
 Aðrar borgir Subotica, Zemun, Nis
 Tungumál serbneska*, ungverska, bosníska
 Trúarbrögð serbneska rétttrúnaðarkirkjan 85%, kaþólskir 6%, aðrir 9%
 Stjórnarfar lýðveldi
 Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður
 Gjaldmiðill denari
 Hlutfall læsra 96,4%

Slóvakía

Stærð 49.000 km²
 Íbúafjöldi 5,5 milljónir
 Höfuðborg Bratislava
 Aðrar borgir Kosice, Zilina
 Tungumál slóvakíska*, ungverska, rómaní, úkraínska
 Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 69%, mótmælendur 11%, aðrir 20%
 Stjórnarfar lýðveldi
 Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður
 Gjaldmiðill króna
 Hlutfall læsra 99,6%

Slóvenía

Stærð 20.000 km²
 Íbúafjöldi 2 milljónir
 Höfuðborg Ljubljana
 Aðrar borgir Maribor, Jesenice
 Tungumál slóvenska*, serbneska, króatíska
 Trúarbrögð kaþólskir 58%, múslimar 2%, aðrir 40%
 Stjórnarfar lýðveldi
 Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður
 Gjaldmiðill evra
 Hlutfall læsra 99,7%



Spánn

Stærð 505.000 km²
Íbúafjöldi 46 milljónir
Höfuðborg Madrid
Aðrar borgir Barcelona, Sevilla, Zaragoza, Valencia
Tungumál spænska (kastilíska)*, katalónska*, galíska*, baskneska*
Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 94%, aðrir 6%
Stjórnarfar þingbundin konungsstjórn
Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður, ferðaþjónusta
Gjaldmiðill evra
Hlutfall læsra 97,9%

Stóra-Bretland

Stærð 245.000 km²
Íbúafjöldi 61 milljón
Höfuðborg London
Aðrar borgir Birmingham, Manchester, Glasgow
Tungumál enska*, velska, skoska, gelíska
Trúarbrögð kristnir 72%, múslimar 3%, aðrir 25%
Stjórnarfar þingbundin konungsstjórn
Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður, ferðaþjónusta
Gjaldmiðill pund
Hlutfall læsra 99%

Svartfjallaland

Stærð 14.000 km²
Íbúafjöldi 672 þúsund
Höfuðborg Podgorica
Aðrar borgir Berane, Budva
Tungumál serbneska*
Trúarbrögð rétttrúnaðarkirkjan 74%, múslimar 18%, kaþólskir 4%, aðrir 4%
Stjórnarfar lýðveldi
Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður
Gjaldmiðill evra
Hlutfall læsra 96,4%

Sviss

Stærð 41.000 km²
Íbúafjöldi 7,6 milljónir
Höfuðborg Bern
Aðrar borgir Zürich, Genf, Lausanne
Tungumál þýska*, franska*, ítalska*
Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 42%, mótmælendur 35%, múslimar 4%, aðrir 19%
Stjórnarfar sambandslýðveldi
Helstu atvinnuvegir banka- og fjármálastarfsemi, smáiðnaður, þjónusta, ferðaþjónusta
Gjaldmiðill svissneskur franki
Hlutfall læsra 99%

Svíþjóð

Stærð 450.000 km²
Íbúafjöldi 9 milljónir
Höfuðborg Stokkhólmur
Aðrar borgir Gautaborg, Málmey, Uppsali
Tungumál sænska*, finnska, samíska
Trúarbrögð mótmælendur 87%, aðrir 13%
Stjórnarfar þingbundin konungsstjórn
Helstu atvinnuvegir iðnaður, námugróftur, skógarhögg, landbúnaður
Gjaldmiðill króna
Hlutfall læsra 99%



Tékkland

Stærð 79.000 km²
 Íbúafjöldi 10,2 milljónir
 Höfuðborg Prag
 Aðrar borgir Plzen, Brno, Ostrava
 Tungumál tékkneska*, slóvakíska
 Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 27%, mótmælendur 2%, aðrir 12%, utan trúflokka 59%
 Stjórnarfar lýðveldi
 Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður
 Gjaldmiðill króna
 Hlutfall læsra 99%

Tyrkland

Stærð 784.000 km²
 Íbúafjöldi 79 milljónir
 Höfuðborg Ankara
 Aðrar borgir Istanbúl, Konya, Izmir
 Tungumál tyrkneska*, kúrdíska
 Trúarbrögð múslimar 99%, aðrir 1%
 Stjórnarfar lýðveldi
 Helstu atvinnuvegir landbúnaður
 Gjaldmiðill tyrknesk líra
 Hlutfall læsra 80%

Ungverjaland

Stærð 93.000 km²
 Íbúafjöldi 10 milljónir
 Höfuðborg Búdapest
 Aðrar borgir Szeged, Debrecen, Nyíregyháza
 Tungumál ungerska*
 Trúarbrögð rómversk-kaþólskir 52%, mótmælendur 19%, aðrir 29%
 Stjórnarfar lýðveldi
 Helstu atvinnuvegir landbúnaður, þungaiðnaður
 Gjaldmiðill fórinta
 Hlutfall læsra 99,4%

Úkraína

Stærð 604.000 km²
 Íbúafjöldi 46 milljónir
 Höfuðborg Kíev (Kænugarður)
 Aðrar borgir Donetsk, Odesa, Kharkív
 Tungumál úkraínska*, rússneska
 Trúarbrögð úkraínska rétttrúnaðarkirkjan 77%, aðrir 23%
 Stjórnarfar lýðveldi
 Helstu atvinnuvegir landbúnaður, iðnaður, námugróftur
 Gjaldmiðill hrinja
 Hlutfall læsra 99,4%

Þýskaland

Stærð 357.000 km²
 Íbúafjöldi 82,5 milljónir
 Höfuðborg Berlín
 Aðrar borgir Hamburg, München, Frankfurt
 Tungumál þýska*
 Trúarbrögð mótmælendur 34%, rómversk-kaþólskir 34%, múslimar 4%, aðrir 28%
 Stjórnarfar sambandslýðveldi
 Helstu atvinnuvegir iðnaður, landbúnaður, námugróftur, skógarhögg
 Gjaldmiðill evra
 Hlutfall læsra 99%



EVROPA - kennsluleiðbeiningar

© 2010 Hilmar Egill Sveinbjörnsson

© 2010 kort: Jean Pierre Biard

© 2010 teikningar: Anna Cynthia Leplar

© 2010 teikningar: Ingi Jensson

Ritstjórn: Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2010

Námsgagnastofnun

Kópavogi

Umbrot og útlit: Námsgagnastofnun

Vefútgáfa



